

Mánaðarbréf nr. 1 - júlí og ágúst 2015

Kæru forsetar og ritarar.

Hér fylgir mitt fyrsta mánaðarbréf. Ég býð ykkur öll velkomin til starfa á starfsárinu 2015 – 2016 og óska ykkur heilla og velfarnaðar í starfi. Það starf sem þið hafið nú tekið ykkur á hendur er trúnaðarstarf, bæði fyrir klúbbinn ykkar og fyrir hreyfinguna í heild.

Ég hef áformað að senda út sex til átta mánaðarbréf á starfsárinu og aukalega ef sérstök tilefni gefast. Í bréfum þessum verða tekin upp ýmis málefni er tengjast rótarystarfinu, umdæminu, klúbbunum og alþjóðahreyfingunni. Ég bið ykkur um að kynna klúbbfélögum það helsta úr þessum bréfum og vekja athygli þeirra á því að þau eru einnig aðgengileg öllum á heimasíðu umdæmisins: www.rotary.is

Upphaf starfsársins / starfsáætlanir klúbba

Þjónusta ofar eigin hag er meginsteff Rótary og það er sérlega mikilvægt að setja það í öndvegi á ykkar starfsári. Það er því mikilvægt að hefjast þegar handa um að byggja upp öflugt og áhugavert starf í klúbbnum. Til þess að svo megi verða eru starfsáætlanir klúbbanna mikilvægt hjálpargagn og hið sama má segja um stefnumótun klúbbsins til næstu þriggja ára. Ég hef fengið í hendur starfsáætlanir frá flestum klúbbanna og þar gefur að líta metnaðarfull áform um öflugt starf á komandi ári. Það vantar hinsvegar allmikið upp á að mér hafi borist stefnumótun klúbba til næstu ára. Ég vildi biðja þau ykkar sem ekki hafa sent mér þessar upplýsingar að koma þessu máli á dagskrá klúbbsins ykkar og ræða hvert klúbburinn stefnir í nánustu framtíð. Allt starf klúbbsins verður ánægjulegra og árangursríkara ef allir félagarnir eru meðvitaðir um starfsáætlun stjórnar og stefnu klúbbsins.

Starfið í klúbbunum hefur verið í lágmarki yfir hásumarið og margir félagar notið samvista með fjölskyldu og vinum. Eins og það er mikilvægt að njóta sumarsins er ekki síður mikilvægt að starfið í ágúst hefjist af reglufestu og metnaði þannig að þar skapist ekki tómarúm sem erfitt reynist að komast út úr.

Heimasíðan

Rótaryhreyfingin heldur úti heimasíðu sem er bæði samskiptatæki og upplýsingaveita. Undir heimasíðu umdæmisins er hver rötaryklúbbur með sína heimasíðu með upplýsingum um viðkomandi klúbb og margháttaðan fróðleik um starf hans og sögu. Það er grundvallaratriði að heimasíðan sé lifandi og þar séu á hverjum tíma eins réttar upplýsingar og mögulegt er.

Á þessu ári verður lögð mikil vinna í að koma heimasíðunni í sem allra best horf. Það verður ekki gert nema að allir leggist á eitt um að uppfæra og laga til, hver í sínum ranni. Ég mun því freista þess að allt sem snýr að umdæminu verði sem best úr garði gert og ætlast til þess að hver klúbbur sýni ábyrgð og metnað í því að heimasíða hans verði á hverjum tíma eins rétt og hægt er að krefjast. Til þess að fylgja þessu eftir mun ég óska eftir að allir klúbbar tilnefni umsjónarmann heimasíðu klúbbsins og mun ég og ritnefnd umdæmisins verða í sambandi við hlutaðeigandi um framhaldið.

Heimasíða alþjóðahreyfingarinnar er: www.rotary.org. Forsetar og ritarar þurfa að sækja sér aðgang að **My Rotary** til þess að geta sinnt trúnaðarstörfum sínum. Þar eru upplýsingar um klúbbinn, stöðu hans og margvíslegt annað sem gagnast í starfinu. Það er einnig mikilvægt að allir félagar klúbbsins sækji sér aðgang að síðunni því þar er að finna margháttaðar upplýsingar og fróðleik um alþjóðahreyfingu Rótary.

Umdæmisþing Rótarý 2015

Umdæmisþing rótarýumdæmisins á Íslandi verður haldið í Borgarnesi 9. og 10. október nk. Dagskrá þingsins og fleiri upplýsingar munu birtast á heimasíðunni www.rotary.is í ágúst. Mikilvægt er að rótarýfélagar mæti á umdæmisþingið. Sérstaklega er mikilvægt að stjórnarmenn klúbbanna mæti vel og er gert ráð fyrir að hafa sérstakar málstofur fyrir forseta, ritara og gjaldkera þar sem farið verður yfir verkefni sem tengjast upphafi starfsársins.

Heimsóknir í klúbba

Ég mun hefja heimsóknir í klúbbana í byrjun september. Ég dreifði heimsóknaáætlun á fræðslumótunum í mars og apríl. Ég mun hafa samband við forseta klúbbanna þegar nær dregur heimsókn minni.

Rótarýdagurinn

Ákveðið hefur verið að halda sérstakan Rótarýdag á starfsárinu með svipuðu sniði og var á síðasta ári. Valinn hefur verið **laugardagurinn 27. febrúar 2016**. Undirbúningsnefnd umdæmisins verður óbreytt frá fyrra ári og er Esther Guðmundsdóttir formaður hennar. Rótarýdagurinn er mikilvægt tækifæri fyrir klúbbana að vekja athygli á starfi Rótarý hver á sínu svæði. Ég vil biðja ykkur að fara þegar að huga að undirbúningi og gott er að tilnefna nú þegar ábyrgðaraðila í klúbbnum til að leiða verkefnið.

Að lokum

Kæru rótarýfélagar. Ég hlakka til að starfa með ykkur á þessu rótarýári og er þess fullviss að samstarfið verður gott og ánægjulegt. Ég óska ykkur enn og aftur velfarnaðar í starfi.

Magnús B. Jónsson, umdæmisstjóri